

Lög Félags íslenskra heilsunuddara

Samþykkt á aðalfundi 2020

1. gr. Nafn félagsins, heimili og varnarþing.

Nafn félagsins er Félag íslenskra heilsunuddara, skammstafað F.Í.H.N. Félagið er landsfélag, en heimili þess og varnarþing er í Reykjavík

2. gr. Grundvöllur félagsins og markmið.

Félagið starfar á þeim grunni, að félagsmenn veiti heilsutengda þjónustu. Heilsunudd er mikilvægur þáttur í heilsurækt, forvörnum og endurhæfingu. Félagsmenn starfa á faglegum grundvelli og hafa siðareglur félagsins að leiðarljósi.

Markmið félagsins eru:

1. Að standa vörð um þann faglega grundvöll, sem félagið er reist á.
2. Að vinna að því að heilsunudd sé og verði veigamikill þáttur í heilsurækt.
3. Að stuðla að framförum í heilsunuddi og kynna þær meðal félagsmanna og standa fyrir námskeiðum til menntunar og endurmenntunar.
4. Að afla stéttinni lögverndar og viðurkenningar.
5. Að leita samvinnu við samsvarandi félög stéttarinnar erlendis.
6. Að útiloka óheiðarlega samkeppni félagsmanna.

3.gr. Hverjir geti orðið félagsmenn.

Réttindi til notkunar starfsheitis og merkis.

Félagsmenn geta þeir orðið sem: Uppfylla kröfur um menntun og starfsþjálfun samkvæmt námsskrá heilsunuddbrautar í Fjölbautaskólanum við Ármúla. Hafa stundað annað sambærilegt nám t.d. erlendis og verður það metið í hverju tilviki fyrir sig. Nema sem hafa lokið verklegu námi við Heilsunuddbraut Fjölbautarskólans við Ármúla eru teknir inn sem aukafélagar og borga hálf gjald fyrsta árið. Umsækjandi af erlendu bergi þarf að geta sýnt fram á að viðkomandi hafi vald á að tjá sig og skilið Íslensku, Norðurlandamál eða Ensku. Þeir einir geta kallað sig heilsunuddara og notað merki félagsins sem eru samþykktir félagar eða aukafélagar. Félagsmenn skuldbinda sig til að stunda ábyrga starfsemi og fara eftir viðhlítandi lögum og reglum í landi er gilda hverju sinni. Félagismaður skuldbindur sig til að gefa skjólstæðingum sínum allar nauðsynlegar upplýsingar er varða starfsemi þeirra.

4. gr. Fullgildir félagar, aukafélagar og árgjöld.

Fullgildir félagar í F.Í.H.N teljast þeir sem hafa verið samþykktir sem félagsmenn skv. 3. gr laga þessara og eru skuldlausir við félagið. Heilsunuddnema skulu árið, sem verklegu námi lýkur, greiða ½ félagsgjald, en halda sömu réttindum og aðrir félagsmenn. Eftir það greiða þeir fullt gjald. Aukafélagar geta þeir orðið sem dveljast erlendis hálf ár eða lengur. Aukafélagar greiða ½ félagsgjald hverju sinni. Aukafélagar eru ekki kjörgengnir, hafa ekki atkvæðisrétt, en hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Þeir fá send fréttabréf og annað frá félaginu og njóta styrkja og annarra réttinda fullgildra félagsmanna. Umsókn um breytta aðild að félaginu skal vera skrifleg

5. gr. Aðalfundur og boðun hans og dagskrá.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aðalfundur eru löglegur ef rétt er til hans boðað og a.m.k 10 félagsmenn mæta. Tillögur stjórnar og fræðslu- og styrkjanefndar, siða- og kæruneftndar til lagabreytinga þurfa að berast félagsmönnum í það minnsta þremur vikum fyrir aðalfund. Boða skal til aðalfundar með auglýsingu, bréfi, símbréfi, tölvupósti eða á annan tryggilegan hátt með minnst þriggja vikna fyrirvara. Tillögur félagsmanna um lagabreytingar skulu berast stjórn ekki síðar en einni viku fyrir aðalfund. Þeir fullgildir félagsmenn, sem eru skuldlausir við félagið, hafa kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi. Ritari og gjaldkeri ásamt einum fundarmanni tilnefndum af formanni skulu kanna kjörgengi og kosningarétt fundarmanna við upphaf fundar. Á aðalfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Formaður flytur skýrslu um starfsemi félagsins.
2. Gjaldkeri flytur skýrslu um fjárhag félagsins og ber upp til samþykktar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir umliðið reikningsár.
3. Skýrsla frá nuddbraut F.Á .
4. Tekin ákvörðun um ársgjöld félagsmanna.
5. Tillögur til lagabreytinga, ef fram hafa komið.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosið í nefndir (siða- og kæruneftnd, fræðslu- og styrkjanefnd)
8. Kosning tveggja endurskoðenda.
9. Önnur mál.

6. gr. Stjórn félagsins, verksvið og boðun funda.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og einum með stjórnanda. Þá skal kjósa tvo menn í varastjórn félagsins. Stjórnin fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Formaður kallar saman stjórnarfundi, þegar hann telur þörf á. Hver stjórnarmanna getur óskað þess við formann að stjórnarfundur verði haldinn. Ritari stýrir stjórnarfundum. Formaður stjórnar er kosinn til tveggja ára, aðrir stjórnarmenn til eins árs. Aldrei skulu þó fleiri en 4 ganga úr stjórn félagsins samtímis. Ef stjórnarmaður gengur úr stjórn, áður en kjörtímabili er lokið er hann ekki kjörgengur í stjórn fyrr en að loknu næsta starfsári stjórnar

7. gr. Ritari og verksvið hans.

Ritari heldur gjörðabækur félagsins og færir í þær allar fundargerðir stjórnar og félags, Ritari stýrir stjórnarfundum. Gjörðabækur skulu vera undirritaðar af formanni og ritara.

8. gr. Gjaldkeri og verksvið hans.

Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með innheimtu á ársgjöldum félagsmanna og öðrum tekjum félagsins. Hann annast reikningshald félagsins og leggur fram löglega endurskoðaða bókhaldsreikninga 15 dögum fyrir aðalfund. Sjóð félagsins skal geyma á vöxtum í banka,

sparisjóði eða annarri fjármálastofnun, allt eftir nánari fyrirmælum stjórnar. Gjaldkeri heldur félagatal og skrá um eignir félagsins.

9. gr. Um félagsfundi, boðun, atkvæði og lagabreytingar.

Félagsfundi skal halda þegar stjórnin ákveður eða þegar minnst 10 félagsmenn krefjast þess og tilgreina fundarefni. Aðra fundi í félaginu en aðalfund skal boða með minnst 10 sólarhringa fyrirvara. Formaður setur félagsfundi og stýrir þeim nema aðalfundi, sem stjórnar er af sérstökum fundarstjóra, sem formaður tilnefnir. Bera má þá tilnefningu formanns undir atkvæði fundarmanna. Til þess að fundur sé lögmætur, þurfa a.m.k 10 félagsmenn að vera mættir. Á öllum fundum í félaginu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála nema um sé að ræða lagabreytingar, en til lagabreytinga þarf 2/3 greiddra atkvæða. Við kosningu stjórnar og annarra trúnaðarmanna félagsins eru þeir réttkjörnir, sem flest atkvæði hljóta.

10 gr. Fræðslu - og styrkjanefnd, reglur og verksvið.

Á aðalfundi F.Í.H.N skal kjósa 3 féлага, þar af einn formann og er hann kosinn til tveggja ára, aðrir í nefndinni eru kosnir árlega. til vara skal kjósa 2 féлага. Ekki skulu fara fleiri en 3 úr nefndinni í einu. Fræðslu- og styrkjanefnd skal leita eftir samþykki stjórnar ef ákvarðanir hennar hafa í för með sér einhver fjárútlát fyrir félagið eða ef telja má að nefndin fari inn á verksvið stjórnar. Nefndin gerir grein fyrir störfum sínum með fundargerð eftir hvern fund og í árskýrslu F.Í.H.N. Fræðslu- og styrkjanefnd sér um mat á inntöku nýrra félagsmanna. Fræðslu- og styrkjanefnd sér um að úthluta styrkjum til félagsmanna. Fræðslu- og styrkjanefnd hefur umsjón með símenntun félagsmanna. Fræðslu- og styrkjanefnd hefur einnig það hlutverk að hafa milligöngu með utanaðkomandi styrkjum og gefa upplýsingar varðandi þá. Fræðslu- og styrkjanefnd sér um áritun gagna vegna umsókna um tímabundið atvinnuleyfi erlendra nuddara.

11. gr. Siða- og kærunefnd.

Á aðalfundi skal kjósa siða- og kærunefnd. Í nefndinni skulu kosnir 3 menn til tveggja ára. Ekki skulu ganga úr nefnd nema 2 í einu. Siða- og kærunefnd sér um siðareglur félagsins og skal vera vakandi fyrir því, að ekki falli blettur á starfsheiður stéttarinnar, hvort heldur það er af völdum einstakra félagsmanna eða annarra. Ef upp koma mál er varða starfsheiður félagsins og/eða aðila í stjórn, ráðum eða nefndum þess, ber viðkomandi aðila að víkja úr sæti meðan slík mál fá faglega meðferð. Til sönnunar eða afsönnunar. Kæra má félagsmann til stjórnar ef talið er að framferði hans skaði hagsmuni F.Í.H.N. Stjórnin getur einhliða látið fara fram fulla rannsókn á kærumáli. Niðurstöður rannsóknar á að birta skriflega þeim félagsmanni sem í hlut á ásamt þeim ráðstöfunum sem kunna að vera gerðar. Niðurstöðurnar skulu einnig kynntar kærendum. Sérhver félagsmaður sem sætir rannsókn getur skotið máli sínu skriflega til siða- og kærunefndar innan fjórtán daga frá því honum berst í hendur ákvörðun stjórnar. Þegar full rannsókn hefur farið fram og hún er viðhlítandi að mati siðanefndar, þar á meðal málsmeðferð vegna áfrýjunar, tekur siða- og kærunefnd endanlega ákvörðun og ekki er hægt að áfrýja aftur. Siða- og kærunefnd skal senda fundargerð eftir hvern fund til stjórnar F.Í.H.N.

12.gr. Siðareglur og brottvikning.

Félagsmanni F.Í.H.N. ber að virða siðareglur félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu, ef hann hefur gróflega brotið gegn lögum félagsins eða samþykktum eða á annan hátt sýnt af sér brot í starfi eða unnið gegn hagsmunum félagsins einnig ef hann fullnægir ekki lengur skilyrðum laga félagsins. Stjórn F.Í.H.N ber að leggja mál undir siða – og laganefnd félagsins fyrst og fá álit þeirra. Hinum brottvikna er þó heimilt að skjóta máli sínu til næsta félagsfundar til endanlegs úrskurðar.

13.gr. Úrsögn úr félaginu, brottfall félagsréttinda.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt brefslega eða með tölvupósti. Víkja má félagsmanni úr félaginu vegna skulda eða vegna brots á siðareglum félagsins, og er það á valdasviði stjórnar. Félagsmaður, sem ekki hefur greitt árgjald sitt 2 ár samfelld, fellur út af félagsskrá. Til þess að fá inngöngu í félagið á ný þarf viðkomandi að fara í endurmat skv. ákvæðum 3. gr. þessara laga.

14.gr. Reikningsár félagsins og gjalddagi árgjalda.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjalddagi árgjalda félagsins er ákveðinn af stjórn félagsins hverju sinni.

15. gr. Heiðursfélagar.

Heiðursfélaga má kjósa og skal þeim afhent heiðursskjal. Heiður þessi er sá æðsti, sem félagið veitir. Til kjörs heiðursfélaga þarf samhljóða atkvæði allra stjórnarmanna. Heiðursfélagar greiða ekki árgjald.

16. gr. Sjálfstæður rekstu.

Heilsunuddari sem vinnur sjálfstætt, skal sækja um leyfi fyrir starfsemi sinni til heilbrigðisyfirvalda í sínu sveitafélagi.

17. gr. Starfsmaður

Stjórn er heimilt að ráða starfsmann sem hún getur falið einstök verkefni stjórnarmanna.

Ákvæði til bráðabirgða og skýringar:

Nafni félagsins var breytt á aðalfundi 2004 úr Félagi Íslenskra Nuddara, F.Í.N., í Félag Íslenskra heilsunuddara, F.Í.H.N. Þau réttindi, sem félagsmenn höfðu aflað sér í F.Í.N. breytast í engu við breytingu á nafni félagsins.